


Ísafjarðarbær
Jóhann Birkir Helgason sviðsstjóri
Stjórnsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Reykjavík, 23. október 2014
Tilvísun: 201410028 / 3.4

Efni: Deiliskipulag fyrir Mjósund, lýsing, Ísafjarðarbær

Viðað er til erindis Ísafjarðarbæjar 7. október 2014 þar sem Skipulagsstofnun er send lýsing til umsagnar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin varðar tillögu að deiliskipulagi fyrir Mjósund, Ísafjarðarbær, ekki kemur fram í erindinu að hún hafi verið samþykkt til kynningar í bæjarstjórn.

Lýsingin er sett fram í greinargerð dags. ágúst 2014 og nær umrætt svæði til tæplega 2 ha svæðis sem afmarkast af Aðalstræti, Skipagötu, Sindragötu og Mjósundi. Innan svæðisins eru 25 íbúðir, 7 rými fyrir ýmsa stafsemi og 2 verslunarými á 17 byggðum lóðum. Í dag eru í gildi tvær deiliskipulagsáætlanir fyrir svæðið og gert er ráð fyrir að afmörkun þeirra verði breytt. Samhliða auglýsingu þessa skipulags verður því gerð breyting á báðum fyrri áætlunum þar sem skipulagsmörk þeirra eru færð út fyrir skipulagsmörk nýja deiliskipulagsins.

Í lýsingin kemur fram að deiliskipulagstillagan byggi á grunni deiliskipulagsins frá 1997 þar sem megin stefnan er þéttung byggðar á reitnum ásamt verndun húsa og götumyndar. Sérstök áhersla verður lögð á varðveislu hinna friðuðu húsa og götumyndarinnar. Tengsl svæðisins við miðbæinn og umferð gangandi vegfarenda og hugað verður að viðbrögðum við hugsanlegri vá vegna hækkun sjávar.

Skipulagssvæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008 – 2020 sem miðsvæði með hverfisvernd og er lýsingin í samræmi þá stefnu þar sem áhersla er lögð á eflingu miðbæjarkjarna, uppbryggingu þétt kjarna og vernd gamalla húsa.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og bendir á að í deiliskipulagstillögunni þurfi að gera nánari grein fyrir hávaðamengun frá varaflsstöð Orkubús Vestfjarða, ekki eru gerðar aðrar athugasemdir við lýsinguna.


Unnsteinn Gíslason